

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um kostnað við lögfestingu samnings um réttindi fatlaðs fólks.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað áætlar ráðuneytið að lögfesting samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks mundi kosta ríkissjóð ár hvert?

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var undirritaður fyrir Íslands hönd árið 2007. Á grundvelli þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks sem samþykkt var á Alþingi 11. júní sl. var innanríkisráðuneytinu falið að stýra vinnu fulltrúa allra ráðuneyta við greiningu regluverks með hliðsjón af þeim breytingum sem kann að þurfa að ráðast í svo að fullgilda megi samninginn og í framhaldinu leggja frumvarp fyrir Alþingi um fullgildingu samningsins. Rétt er að geta þess að ekki hefur verið tekin ákvörðun um að lögfesta samninginn eins og gert hefur verið með mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, heldur lagt upp með að samningurinn verði fullgiltur í samræmi við það sem tíðkast með mannréttindasamninga almennt í íslenskum rétti.

Kostnaður við vinnu vegna þessa var áætlaður 10 millj. kr. í þingsályktuninni, en samkvæmt verkefnalýsingu hennar var fjármunum ætlað að standa undir kostnaði við að þýða samninginn og greiða starfsmanni laun í eitt ár til þess að sinna undirbúningi lagabreytinga. Fjármunir fylgdu ekki þingsályktunartillögunni, en samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2013 hafa þeir verið tryggðir, sbr. nefndarálit meiri hluta fjárlaganefndar á þingskjali 567. Innanríkisráðuneytið hagar nú undirbúningi verkefnisins með hliðsjón af því.

Með fullgildingu samningsins verður íslenskt regluverk í samræmi við ákvæði hans. Hvað varðar áhrif á útgjöld ríkis og sveitarfélaga í því sambandi mun það verða metið í tengslum við vinnslu fyrirhugaðs frumvarps. Ekki er hægt á þessu stigi að leggja mat á heildarkostnað vegna fyrirhugaðrar fullgildingar.

Heildarmat á kostnaði vegna fullgildingar samningsins liggur því ekki fyrir.

